

# Auglysing

um staðfesting stjórnarráðsins á

## heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún.

Samkvæmt lögum 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Siglufjarðarkauptún í Eyjafjarðarsýslu, sem samin hefir verið af sýslunefndinni í nefndri sýslu.

### I. Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Samþykktin gildir fyrir land jarðanna Hvanneyrar og Hafnar í Siglufirði.

#### 2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára og annar, er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kaupsinsins til jafnlangs tíma.

#### 3. gr.

Fundi skal halda í nefndinni að minsta kosti þrisvar á ári, í mars, júní og október. Formaður ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundabók gjörðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Rísi ágreiningur upp meðal nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu til sýslumanns. Sýslumaður á rjett til að sitja á fundum nefndarinnar. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

#### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin öll skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræðir í þessari samþykkt eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaferi eða á einstakra manna eign. Tvisvar á ári skal nefndin skoða allar eignir á því svæði, er samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta þessu starfi milli nefndarmanna.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skal hún skriflega skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fjeð sje veitt.

Nú hafnar hreppsnefnd slikti fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

67  
22. júní.

## II. Um fráráslu.

### 6. gr.

Eldhússkólp, þvottaskólp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist, síst þar sem kjallarar eru undir húsum; öllu því skólpi, sem ekki er borið í sjó, skal veita burtu frá húsunum í opnum eða lokudum ræsum svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi skulu vera svo við og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim og hvergi komi pollur eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

### 7. gr.

Ef ræsi er gjört fram með alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gjöra skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, á þann hátt er heilbrigðisnefnd telur hentugast.

## III. Um vatnsból.

### 8. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum svo sem unt er, hvort heldur eru brunnar eða rennandi vatnsból. Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða mjög nærri þeim.

### 9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum, en svo að milli-bilið sje 15 álnir; og engan nýjan brunn má grafa eða breyta gömlum brunni nema í samráði við heilbrigðisnefndina.

### 10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt. Óheilnæma brunna, sem ekki er hægt að gjöra við, skal heilbrigðisnefndin láta fylla.

## IV. Um peningshús, hauga og forir.

### 11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í íbúðarhúsum manna.

### 12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, þá skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið, og skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrir mæli þau, er hjer fara á eftir.

**67** Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en 15 álnir; fjós má ekki 22. júní. setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum.

For má ekki gera og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli en 15 álnir. Forarveggir skulu jafnan ná  $\frac{1}{4}$  alín eða meir upp úr jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje um að menn eða skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli gjöra úr höggnu grjóti og steinlimi eða steinsteypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

### 13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga undir úrskurð sýslumanns, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má.

## V. *Um salerni.*

### 14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni og skal það ekki vera nær dyrum, gluggum eða vindaugum á húsinn en nemi 5 álnum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 15 álnum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því. Gólfíð í salerninu skal vera steinsteyppt og hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum, og að öðru leyti svo um salernið bóíð, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Ef vatnsheld for er gerð hjá húsinu, má hafa salerni yfir forinni, þannig að saurindin fari beina leið í hana.

### 15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast; skal heilbrigðisnefndin ákveða hvar láta megi saurinn úr salernunum

### 16. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykkt, eða þau ein, sem illa eru gjörð eða mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum að þeir gjöri ný salerni á þann hátt, er segir í 14. gr.

## VI. *Um sorp og önmur óhreinindi.*

### 17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum en nemi 5 álnum og ekki nær vatnsbólum en nemi 15 álnum. Flytja skal burtu allt sorpið að minsta kosti tvisvar á ári, haust og vor.

Ef hús standa þjett saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað, að sorpi og ösku sje safnað i laus ilát úr málni og flutt burtu áður en ilátin fyllast. **67**  
22. júní.

## 18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori i sjóinn svo að út taki, ef því er ekki safnað i gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn eða skipstjórar bera ábyrgð á því, að þessu ákvæði sje hlýtt.

## 19. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kring um hús manna, svo að fylu leggur af eða daunilt rensli fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað hlutaðeigandi húsráðanda að flytja burtu óhreinindin tafarlaust.

*VII. Um iðnað, sem óprifnaður fylgir eða óhollusta.*

## 20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óprifnaður, t. d. lýsisbræðsla o. fl., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrir mælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

*VIII. Um bökunarstofur.*

## 21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bökunarstofum kauptúnsins og skipa bakara að þvo gólf, loft og veggi hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lungnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm eða hafa opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Öll tóaksnautn er bönnuð i bökunarstofu og enginn má sofa i stofunni.

*IX. Um matvöru.*

## 22. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem svikin er eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna.

**67** Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búð-  
22. júní. um fyrir gangverð sýnishorn af hverri þeirri matvöru, er hún telur líkur til að svikin sje eða skemd, eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt eða kemur í ljós við rannsókn þessa, að einhver matvara er svikin eða skemd og ekki nýtileg til mannelis, og skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

Kjöt af veikum skepnum eða sjálfdaudum má ekki selja til mannelis nema með sjerstöku leyfi hjeraðslæknis eða dýralæknis.

### X. Um íbúðarhús.

#### 23. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum; gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstuð sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur húsbúum hættu búna.

#### 24. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gjört eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipan nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita sjerstaks álits hjeraðslæknis og þvínæst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

#### 25. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllum, ef þeir eru mjög rakir, dimmir eða þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

*XI. Um skóla*

67

22. júní.

## 26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

## 27. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór að 100 rúmfet komi á hvert barn í minsta lagi. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á degi hverjum en ekki sópa.

## 28. gr.

Ef í einhverjum skóla heilbrigðisnefndin verður vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skulu strax gerðar ráðstafanir til þess, að barnið eða kennarinn komi ekki í skólann þar til sóttnæmishættan er að dómi læknis um garð gengin, sjerstaklega ef um berklaveiki er að ræða.

Hold sveik börn mega ekki ganga á skóla og holdsveikir menn mega ekki fást við barnakenflu.

*XII. Um næma sjúkdóma.*

## 29. gr.

Heilbrigðisnefndin gengst sjerstaklega fyrir því að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næmum sjúkdómum. Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþykktin nær yfir eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

*XIII. Um kirkjugarða.*

## 30. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimitað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 100 álnum.

**67**  
22. júní.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.  
Grafa skal svo djúpt, að tveggja álna moldarlag sje ofan á kistu.

*XIV. Um sektir o. fl.*

31. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 kr. sekt, er rennur í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

32. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

33. gr.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1908.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest og birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 22. júní 1908.

**H. Hafstein.**

---

*Jón Magnússon.*